

Ed.

53. Frumvarp

til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í rikissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

1. Þegar iðnaðarvaran, sem framleidd er úr hinum umræddu efnivörum, mundi vera undanþegin vörutolli og verðtolli, ef flutt væri tilbúin til landsins frá útlöndum, skal endurgjalda allan vörutoll og verðtoll, sem greiddur kann að hafa verið í rikissjóð af efnivörunum.
2. Þegar iðnaðarvaran við innflutning frá útlöndum sætir lægri gjöldum af vörutolli og verðtolli en tilsvarendi efnivörur, skal endurgjalda hluta af greiddum vörutolli og verðtolli, svo mikinn, að aldrei verði meira eftir af slíkum gjöldum á efnivörunum en sem nemur gjöldum af tilsvarendi unnum iðnaðarvörum, ef fluttar væru inn frá útlöndum.
3. Ákvæðin í 1. og 2. lið taka eigi til þeirra vörutegunda, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt tollögum.

2. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, sett nánari reglur og fyrirmæli um framkvæmd ákvæðanna í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932, og má þá endurgreiða aðflutningsgjöld af óseldum birgðum iðnaðarmanna og iðjurekenda af unnum iðnaðarvörum, er falla undir ákvæði 1. gr. að efni til.

Greinargerð.

Frv. þetta er, að fráskilinni breytingu á tímatakmarki í 3. gr., samhljóða samnefndu frv. eins og samþykkt var við 2. umr. í Ed. á síðasta þingi, og er vísað til greinargerðar og nál., er þá kom fram.